


Landlínur  
Borgarbraut 61  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2011  
Tilvísun: UST20110100180/ksj

## Flekkudalur í Kjós, frístundabyggð

Vísað er til erindis Landlína er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag frístundahúsa í Flekkudal Kjós. Áætluð staðsetning frístundahúsalóða er samkvæmt deiliskipulagstillöggunni á landbúnaðarsvæði, túnum við suðurströnd Meðalfellsvatns. Deiliskipulagssvæði er alls 2,5 ha að stærð. Fyrirhugað er að byggja frístundahús og geymsluhús á báðum lóðum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillöggunni er svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til á svæði á náttúruminjaskrá, en um svæðið segir í skránni: "*Laxár vogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallarhreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu.* (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá Ósi uppað vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflidalsvatn og Mjóavatn. KáranesCEF og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru viðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt dýralif.

### Fjarlægð frá ám sjó og vötnum

Í skipulagsgerð nr. 400/1998 gr. 4.15 **Vötn, ár og sjór** segir eftirfarandi: „*Almennit er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*“

Umhverfisstofnun bendir á að þar af leiðandi eiga mannvirki hvergi að vera nær vötnum, ám eða sjó en 50 m eins og kemur fram í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillöggunni. En þar sem um svæði á náttúruminjaskrá er að ræða þá er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum nær vötnum, ám eða sjó, en a. m. k. 100 metra.

## Framkvæmdir

Fram kemur í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillöggunni að: „*Leitast skal við að samnýta aðkeyrslur, veitulagnir og rotþrær eins og kostur er á nýjum frístundabyggðasvæðum.*“

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um vegagerð vegna frístundahúsa er deiliskipulagstillagan felur í sér. Á uppdrætti má sjá að vegagerð mun verða í útjaðri túna, en ekkert kemur fram um hve mikið af veginum kemur til með að vera nýframkvæmd, né hve langt er frá vatni að vegi sem þarf að framkvæma. Við skipulag frístundabyggða á svæði á náttúrumínjaskrá er mikilvægt að hafa í huga að byggingarframkvæmdir raski engu af þeim náttúrumínjum sem verið er að leggja til að vernda, en í deiliskipulagstillöggunni koma ekki fram skilmálar er varða áætlaðar byggingar annað en stærðir þeirra.


## Frárennsli


Á endanlegan skipulagsuppdrátt skal merkja staðsetningu rotþróa, og bendir Umhverfisstofnun á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)). Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð.

## Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar þurfa skilmálar um væntanlegar byggingar að vera skýrari og gæta þarf að fjarlægð frá vatnsbakka. Einnig þyrstu áætlanir um fyrirkomulag frárennslis að koma skýrar fram.

Virðingarfyllst

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun